



Fundur í hafnarnefnd

3. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn föstudaginn 10. maí 2019. Fundur var settur kl. 15:00.

Mætt voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson og Jónas Jóhannsson. Elías Pétursson sveitarstjóri var í fjarfundarsambandi, en auk þess sat Jónas Egilsson skrifstofufundurinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð nýja fundarmenn velkomna til starfa.

Fundargerð

1. Fundargerð 411. fundar Hafnarsambands Íslands

Fundargerðin lögð fram.

2. Framtíðarsýn Langaneshafna – tillaga frá U-lista

Lagt fram yfirlit frá U-lista í samtals 15 liðum um framtíðarsýn hafnarinnar á Þórshöfn og á Bakkafirði.

Jónas Jóhannsson lagði fram svohljóðandi bókun: Á síðasta og það sem er af núverandi kjörtímabili hefur engin umræða verið um framtíðarsýn Langaneshafna. Ég er búinn að vera í hafnarnefnd í áratugi og hef aldrei kynnst því líkum doða í uppbyggingarmála hafnanna og vil ég ekki sitja heilt kjörtímabil í viðbót án aðgerða. T.d. ef af Finnaþarðarverkefni verður innan fárra ára, þá þurfum við að geta tekið á móti aukinni skipaumferð á meðan sú uppbygging á sér stað. Þannig er að frá því að við sækjum um fé til hafnarmannvirkja og þar til hægt er að hefja framkvæmdir geta liðið allt að fjögur ár. Við höfum tekið saman nokkra punkta og leggjum fram eftirfarandi bókun í nafni U-listans:

Óskað er eftir því að þegar verði hafist handa við að vinna út frá þeim atriðum sem fram koma hér fyrir neðan. Margar þeirra er hægt að framkvæma nú þegar, en aðrar þarf að hanna og skipuleggja. Nauðsynlegt er að fá Vegagerðina að stærri verkefnunum. Neðangreind atriði eru, ekki raðað í forgangsrið.

Þórshöfn:

1. Lengja vestur-austur kant um ca. 100 metra til austurs. Það þarf að hefja strax viðræður við vegagerðina með hönnun og skipulag. Leggjum til að sú vinna hefjist strax.
2. Dýpkun vegna lengingar á kanti til austurs. Dýpka þarf við nýjan kant og einnig fyrir austan nýjan kant svo bátar og skip komist á innri höfn



3. Núverandi dýpi í höfn er um 8,6 metrar. Dýpka þarf höfnina í 9,5 til 10 metra.
4. Skoða þarf með trébryggju við smábátahöfn og gera þar ráð fyrir mögulegri stækkun á viðlegu frá núverandi stöðu á Þórshöfn
5. Ákveða hvar aðalleið fyrir umferð á að vera niður á hafnarsvæði, aðal og deiliskipulagsvinna
6. Breyta staðsetningu á hafnarvog og húsnæði svo það liggi betur við þegar verið er að vigta afla frá skipum
7. Skoða hvort hægt sé að lengja bræðslukant. Liggur ekki á en gæti orðið nauðsynlegt í næstu framtíð.
8. Beitningahöll. Skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi með nýtingu á beitningahöll.
9. Nýja starfsaðstöðu á höfn með salerni fyrir notendur hafnarinnar. Lagfæra stíflu í fráveitu frá starfsaðstöðu.

Bakkafjörður:

1. Auka viðlegurými í höfninni, er of lítið í dag
2. Hafa sér kant/bryggju fyrir oliutöku á báta. Núna er verið að taka olíu á löndunarkanti.
3. Malbika brekku við löndunarbryggju, er erfið eins og hún er fyrir rafmagnslyftara
4. Endurnýja þjónustuhús
5. Tiltekt og viðhald á hafnarhúsi
6. Tveir löndunarkranar, nauðsynlegt að hafa tvo löndunarkrana þegar það er mikið af bátum sem eru að landa á Bakkafirði.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála.

Samþykkt að halda sérstakan vinnufund í hafnarnefnd til að ræða framtíðarnotkun og stækkunarmöguleika hafnarsvæðisins. Einnig samþykkt að bjóða fulltrúum Ísfélagsins í kjölfarið á fund nefndarinnar til að ræða sömu mál.

Formaður gerði hlé á fundi kl. 16:04.

Formaður setti fund að nýju kl. 16:25.

Halldór og Árni lögðu fram svohljóðandi bókun f.h. L-listans:

Við getum á engan hátt tekið undir það að á síðasta kjörtímabili hafi ekki farið fram umræða um framtíðarsýn Langaneshafna. Undanfarin ár hefur farið fram umtalsverð vinna við að bæta aðstöðu í báðum höfum í góðri sátt hafnarnefndar. Nú þegar Finnafjarðarverkefnið mögulega raungerist þá er ástæða til að skoða hvort og þá hver áhrif það verkefni mun hafa að starfsemi hafnanna, tökum við því undir það eins og kemur fram í afgreiðslu nefndarinnar um vinnufund. Einnig þarf í þeirri vinnu að horfa til þarfa Ísfélagsins og



leggjum við til að forsvarsmönnum félagsins verði boðið á fund nefndarinnar þar sem þeim gefst tækifæri til að koma þörfum sínum og áætlunum á framfæri við hafnarnefnd. Að síðustu harnar L-listinn þá breytingu sem má sjá stað í bókunum þ.e. að gera starf nefndarinnar pólitískara og átakameira. Hafnarnefnd er rekstrarnefnd sem að mati L-lista á að vera utan og ofan við daglegt pólitískt þras.

Vegna bókunnar fulltrúa U-listans um einstök atriði skal einnig eftirfarandi bókað:

Margt af því sem U-listinn leggur til hefur ýmist verið rætt, skoðað eða framkvæmt nú þegar:

Þórshöfn

Vegna 1. – 4. liðar: Lenging austur-vestur bryggjukants og hafnarinnar á Þórshöfn hefur verið rætt við Vegagerðina um, en ekki talið vera forgangsmál fram að þessu og ekki hlotið hljómgrunn til þessa.

Vegna 5. liðar: Tekið er undir að hægt sé að skoða hvort ekki megi bæta núverandi aðkomu að höfninni, en mikill kostnaður fylgir óhjákvæmlega tilfærslu austur fyrir beitningarhús.

Vegna liðar 6: Staðsetning vigtarhúss verður skoðuð þegar nýtt hús, sem keypt hefur verið, verður sett upp.

Vegna liðar 7: Nánari útfærsla liggur ekki fyrir en í raun liggur fyrir sama skýring hér og undir liðum 1-4.

Vegna liðar 8: Möguleikar á breyttri nýtingu beitningahússins hefur verið í skoðun, en gróflega kostar 2-3 m.kr. að mála skúrinn í núverandi ástandi.

Vegna liðar 9: Nýtt hús er með salernisaðstöðu fyrir sjómenn. Verið að safna verkefnum fyrir dælubíl og losa stíflu við húsið.

Bakkafjörður

Vegna liðar 1: Þegar hefur verið rætt við fyrirtækið N1 um bættu aðstöðu fyrir olíutöku á báta, þar sem olíutaka við löndunarbyggju er ekki ásættanleg.

Vegna liðar 2: Það er mjög góð hugmynd að malbika brekku við löndunarbyggju, en skoða þarf hvort ekki eigi að malbika stærra svæði við höfnina.

Vegna liðar 4: Þjónustuhús fyrir sjómenn var gert upp í fyrra og lagað, auk þess sem að þjónustumiðstöð í verslunarhúsnæðinu á Bakkafirði sem opnar í vor, getur nýst sjómönnum sem öðrum.

Vegna liðar 5: Tiltekt og lagfæringar á vigtarskúr er þegar hafin hjá nýjum starfsmanni Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar.

Vegna liðar 6: Þegar er búið að kaupa nýjan krana og er hann á staðnum. Hann bíður uppsetningar þegar burðarþolsteikningar hafa verið samþykktar.



Jónas Jóhannsson vildi færa eftirfarandi til bókar: Síðastliðin ár hefur engin umræða farið fram um framtíðarsýn Langaneshafna.

3. Áframhaldandi skotveiðar á mávum við höfnina á Þórshöfn

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir að mæla með áframhaldandi fælingar aðgerðum á mávum og öðrum farfugli við höfnina á Þórshöfn og felur sveitarstjóra að leita samþykkis annarra hlutaðeigandi yfirvalda. Sótt verði um heimild til 1. júní 2020.

Samþykkt samhljóða.

4. Beiðni um heimild til að halda spólkeppni (Burnout) á bryggjunni 19. júlí nk.

Nefnd um skipulagningu Bryggjudaga á Þórshöfn óskar eftir því að fá að skipuleggja spólkeppni (burn-out) á stórskipahöfninni 19. júlí nk.

Bókun um afgreiðslu: Hafnarnefnd er meðmælt erindinu og felur sveitarstjóra að svara nefndinni.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

Fundarmenn sammála um að boða starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar á fundi undir þeim liðum sem þá varða.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50.